

Skýrsla æskulýðsnefnda
hestamannafélaganna í

Skagafirði



2011

Undanfarin ár hafa hestamannafélögin í Skagafirði staðið saman að helgarnámskeiðum, mótum og viðburðum í tengslum við æskulýðsstarf sitt. Á síðasta vetri var ákveðið að auka samvinnuna og bjóða sameiginlega upp á námskeið á virkum dögum einnig. Í vikulega starfinu voru börn sem lengra eru komin eða hafa sótt námskeið undanfarna vetur en á helgarnámskeiðin voru yngstu knaparnir, byrjendur og minna vanir auk þeirra sem þurftu um langan veg að fara.

Starfið hófst seinnipartinn í janúar, auglýst var eftir reiðkennurum til að hafa yfirumsjón með annarsvegar helgarnámskeiðum, þau voru kennd aðrahvora helgi samtals 5 helgar og hinsvegar



vikulegum námskeiðum sem voru á þriðju- og fimmtudögum eftir kl. 17:00. Börnunum var skipt í hópa eftir getu og færni og voru tveir hópar í kennslu í senn. Þátttaka var mjög góð frá öllum hestamannafélögum, alls sóttu 74 börn námskeiðin. Reiðkennarar voru, Elvar Einarsson, Líney María Hjálmarasdóttir og Ingimar Ingimarsson í vikulegastarfinu og Jóhanna Heiða Friðriksdóttir og Hanna María Lindmark í helgarstarfinu. Foreldrum barna sem áttu ekki bakland í hestamennsku var boðið upp á að leigja afnot af hesti með reiðtygjum og hjálmi og mæltist það vel fyrir.

Lokahóf barnastarfsins var svo 4. maí og var farið í heimsókn upp að Hólum, þar tók Víkingur Gunnarsson á móti hópnum og kynnti starf skólans og sögu hans, síðan voru hesthús og reiðhallir skoðaðar. Að því loknu var þeim boðið að skoða Sögusetur íslenska hestsins, því næst var farið í sund og svo grillað. Áður en haldið var heim voru börnunum afhent gjöf sem viðurkenning.

Að námskeiðum loknum hófust æfingar fyrir sýningarnar Tekið til kostanna, sem var 30. apríl og Æskan og hesturinn, 7. maí. Kennararnir höfðu yfirumsjón með æfingum, röðuðu í hópa og sömdu sýningaratriði fyrir hópana. Sýningarnar tókust mjög vel og atriðin voru vel lukkuð.



Grunnskólamót hestamannafélaganna á Norðurlandi vestra var á sínum stað og eflist með hverju árinu. Það er samstarfsverkefni Léttfeta, Stíganda, Svaða, Neista og Þyts. Mótin voru þrjú og var keppt í fegurðarreið, tölti, fjórgangi, smala og skeiði. Voru mótin haldin í reiðhöllinni á Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki. Þetta var þriðji veturinn sem þau eru haldin og vex þátttakan á hverju ári og mikil framför er sjáanleg hjá keppendum. Mót þessi auka samveldni skólafélaga og skapa vináttutengsl milli skóla. Á þessum mótum er keppt um farandbikar sem stigahæsti skóli fær til varðveislu og hefur Varmahlíðarskóli hneppt hann þessi þrjú ár sem mótið hefur verið haldið, en aldrei hefur verið jafn mjótt á munum og í vor því úrslit urðu ekki ljós fyrr en í síðustu keppnisgrein. Stigahæsti knapi í hverjum aldursflokki fékk viðurkenningu, en flokkarnir eru þrír þ.e. 1.-3. bekkur, 4.-7. bekkur og 8.-10. bekkur.

Boðið var upp á námskeið fyrir þau börn, unglinga og ungmenni sem unnu sér þátttökurétt á Landsmóti 2011. Reiðkennarar voru Elvar Einarsson og Líney María Hjálmarsdóttir.

Fyrir hönd æskulýðssnefnda hestamannafélaganna

Guðrún Margrét Sigurðardóttir
Kristín Brynja Ármannsdóttir
Birgir Freyr Þorleifsson

